



Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Þegar Mótettukór Hallgrímskirkju heimsækir frændfólk okkar og vini í Vesturheimi fylgja honum kærar kveðjur til allra sem ættir rekja til eyjunnar í norðri.

Kórinn hefur á einstæðan hátt náð að sameina frábæran flutning á klassískum verkum og heillandi túlkun á tónlistinni sem íslensk tónskáld hafa verið að skapa á undanförunum árum. Tónleikar Mótettukórsins eru ætíð viðburður í menningarlífi Reykjavíkur og með ferðum sínum víða um lönd hefur hann einnig verið merkisberi þeirra nýsköpunar sem í vaxandi mæli setur svip á íslenska menningu.

Heimkynni kórsins – hin tignarlega kirkja sem hátt rís í hjarta höfuðborgarinnar, kennileiti þegar horft er úr fjarska, ýmist frá hafi eða fjöllum – eru á skemmtilegan hátt tengd landnámi Íslendinga í Vesturheimi.

Á torginu við kirkjudyrnar stendur Leifur Eiríksson steypur í eir og horfir einbeittur út í óvissuna, reiðubúinn að leita nýrra landa og láta hvorki veður né vinda hindra sína för.

Kirkjan og landkönnuðurinn eru tákn fyrir sterka strengi í íslenskri arfleifð, landnám og trú sem mörkuðu upphaf Íslandsbyggðar og blésu einnig löngu síðar hjartsýni í brjóst þeim sem fetuðu í fótspor Leifs og gerðust landnemar í Vesturheimi.

Mótettukórinn hefur sameinað hefðina sem fylgir trúartónlist fyrri tíma og landnámsviljann sem birtist í frumflutningi nýrra verka. Kórinn hefur í senn náð að túlka flóknustu verk hinna gömlu meistara og nýjungar í tónlistarlífi Íslendinga.

Ferð kórsins til Kanada er staðfesting á ríkum vilja okkar Íslendinga að styrkja enn frekar á nýrri öld þau ættarbönd sem tengja löndin saman

og veita tónleikagestum um leið innsýn í þá grósku sem nú setur svip á listalíf í landi okkar.

Ég veit að þið munuð njóta vel hins frábæra flutnings og vona að tónleikarnir verði ykkur einnig hvatning til að heimsækja gamla landið og kynnast enn frekar þeirri menningu sem ættmenn ykkar eru sífellt að endurskapa.